# Skrá á kynbótasýningu

Á heimasíðu RML www.rml.is er flýtihnappur sem smellt er á til að skrá hross til sýningar en hann er merktur með rauðri ör á  skjámyndinni hér fyrir neðan. Munið að hafa við hendina fæðingarnúmer hrossins, kennitölu knapa og greiðslukort en það er nauðsynlegt til að skrá hross til sýningar.




**Mynd 1**. Skrá hross á kynbótasýningu

Þegar búið er að velja „Skrá á kynbótasýningu“ opnast næsti gluggi (mynd 2).




**Mynd 2.** Hér er fæðingarnúmer hrossins slegið inn og síðan smellt á „Áfram“ en þá opnast næsti gluggi.




**Mynd 3.** Hér koma upp upplýsingar um hrossið sem var skráð. Næsta skref er að velja sýningu, hér er einungis ein sýning í boði. Smellt er á þá sýningu sem valin er og þá kemur á hana ljósblár litur sem þýðir að sýning hefur verið valin. Þegar búið er að velja sýninguna opnast þrír nýir reiti (sjá mynd 4) þar sem hægt er að velja hvort hrossið á að fara í byggingardóm, hæfileikadóm eða fullnaðardóm. Athugið að til þess að það sé hægt að skrá hross eingöngu í hæfileikadóm þarf hrossið að hafa hlotið byggingardóm 5 vetra eða eldra.




**Mynd 4.** Hér sést að sýning hefur verið valin (ljósblá að lit) og þá er hægt að velja í hvernig dóm hrossið á að fara. Ef hrossið á að fara í hæfileikadóm er smellt á þann reit. Síðan eru settar inn upplýsingar um knapa. Skráning á þjálfara er valkvæð. Sjá mynd 5.




**Mynd 5.** Nú er reiturinn sem í stendur hæfileikadómur ljósblár að lit þannig það er ljóst að hrossið á að fara í hæfileikadóm. Síðan er beðið um samþykki hvort það megi taka sýninguna upp til notkunar á streymisveitu Eiðfaxa TV. Þegar þessum aðgerðum er lokið er farið í reitinn „Bæta í körfu“. Hrossið færist þá í vörukörfuna og ný valmynd birtist (mynd 6).




**Mynd 6.** Efst í hægra horninu má sjá þetta tákn sem þýðir að það er búið að skrá eitt hross í vörukörfuna. Ef skrá á fleiri hross til sýningar er næsta fæðingarnúmer slegið inn og farið í sama ferlið aftur. Þegar búið er að skrá inn öll hrossin sem sýna á er smellt á „Fara í körfu". Næsti gluggi sýnir þá hross sem búið er að skrá til sýningar (mynd 7) og áður en haldið er áfram er rétt að skoða hvort rétt hross eru skráð.




**Mynd 7.** Ef allt er eins og það á að vera er smellt á hnappinn „Ganga frá kaupum" og þá opnast næsti gluggi þar sem settar eru inn upplýsingar um greiðanda (mynd 10).

Ef eitthvað er ekki eins og það á að vera er hægt að smella á táknið og gera breytingar (mynd 8). **Ekki nota Back hnappinn!**




**Mynd 8.** Ef smellt er á „Skoða körfu“ birtist mynd eins og hér fyrir neðan (mynd 9).




**Mynd 9.** Hér er hægt að fjarlægja hross úr vörukörfunni með því að smella á táknið sem rauða örin bendir á. Síðan er smellt á „Ganga frá kaupum“.




**Mynd 10**. Ef allt er orðið eins og það á að vera er farið í það að ganga frá kaupum og þá birtist þessi mynd en hér eru settar inn upplýsingar um greiðanda. Þegar þær hafa verið skráðar er smellt á hnappinn „Afhending & Greiðslumáti“ og næsta mynd birtist.




**Mynd 11.** Í reitinn „Athugasemd“ er hægt að setja inn óskir um sýningartíma. Síðan þarf að haka við „Ég hef lesið skilmálana og er samþykkur þeim“. Að lokum er smellt á „Klára kaup“ og þá birtist gluggi með kortaupplýsingum.




**Mynd 13.** Greiðslukorta upplýsingar eru slegnar inn og síðan smellt á „Greiða“ og eftir smá stund kemur tilkynning um að greiðsla hafi verið framkvæmd.




**Mynd 14.** Að lokum er smellt á „Til baka í verslun“ og þá birtis lokamyndin.




**Mynd 15.** Þegar þessi mynd kemur upp á allt að vera klárt og kvittun hefur verið send í tölvupósti.

Nánari upplýsingar um skráningarkerfið er hægt að fá í síma RML 516-5000 eða senda tölvupósti á netfangið hross@rml.is.